*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 130/1167*
*komudagur 24.2.2004*

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**
**Allsherjarnefnd**
**b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 20. febrúar 2004

**Efni: Frv. til l. um br. á áfengisl. nr. 75/1998 (163. mál) og frv. til l. um br. á l. nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki.**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum þar sem lagt er til að áfengiskaupaaldur á léttvíni og bjór verði lækkaður í 18 ára aldur. Verslunarráð tekur undir þau sjónarmið sem lögð eru fram í frumvarpi þessu og vonast til að frumvarpið nái fram að ganga.
Hins vegar er um að ræða frumvarp um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Þar er lagt til að af innheimtu áfengisgjaldi þeirra sem eru gjaldskyldir eru samkvæmt lögunum skulu 2% í stað 1% renna í Forvarnasjóð. Verslunarráð samþykkir frumvarp þetta með þeim fyrirvara að áfengisgjaldið í heild hækki ekki.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigþrúður Ármann

*Póstáritun:*
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is